



Fjárhagsaðstoð, umsóknarferli

1 Hvar er tekið við umsókn

Tekið er við umsóknum á skrifstofu félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar. Einnig er hægt að póstsenda umsóknir á bæjarskrifstofur Dalvíkur – félagsþjónusta, Ráðhúsinu, 620 Dalvík .

2 Hvernig/hvar fer fram mat á umsókn

Mat á umsóknum fer fram á starfsfundum félagsþjónustu og er umsókn metin með tilliti til fjárhags- og félagslegra upplýsinga sem fram koma á umsóknum. Allar tekjur einstaklings/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, einnig greiðslur vegna barna, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka þ.e. atvinnutekjur, allar tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv.

Eigi umsækjandi rétt til atvinnuleysisbóta, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

3 Hvernig/hvar er tekin ákvörðun um afgreiðslu umsóknar

Umsóknir eru teknar fyrir af starfsfólki félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar annan hvern mánudag. Umsóknir eru afgreiddar af félagsmálastjóra, og af félagsmálaráði ef upp koma álitamál.

4 Hvernig fær umsækjandi upplýsingar um niðurstöðuna

Öllum umsóknum er svarað skriflega í kjölfar starfsfunda.

5 Hvernig fer framkvæmd þjónustunnar fram ef umsókn er samþykkt

Sé umsókn samþykkt hefur starfsfólk félagsþjónustu samband við umsækjanda og greiðir þá upphæð sem umsækjandi á rétt á inn á reikning á hans nafni.

6 Hvað þarf umsækjandi að gera í umsóknarferlinu og þegar kemur að framkvæmd þjónustunnar

Umsækjandi skila inn útfylltri umsókn og skila öllum fylgigögnum.

Fylgigögn eru:



*Launaseðlar síðustu þriggja mánaða ásamt vottorði um allar tekjur þessara mánaða.

*Síðustu samþykktu skattaskýrslu

Ef sótt um fjárhagsaðstoð til fleiri en eins mánaðar þarf viðkomandi að hafa samband við starfsmenn félagsþjónustu fyrir 25. hvers mánaðar til að gera grein fyrir þörf sinni á áframhaldandi aðstoð. Þess ber að geta að ákvarðanir um aðstoð nær að jafnaði ekki yfir lengra tímabil en 3 mánuði og aldrei yfir lengra tímabil en 6 mánuði í senn.

7 Málskotsréttur

Ákvörðun félagsþjónustunnar um afgreiðslu fjárhagsaðstoðar má skjóta til félagsmálaráðs Dalvíkurbyggðar innan 4 vika frá því að tilkynning hefur verið móttækin. Hægt er áfrýja ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan 4 vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.